


Verkefnahugmyndir fyrir kennara

„Örugg í skólanum“

TILLAGA AÐ LOKAVERKEFNI:

Hér er að finna tillögu fyrir kennara að lokaverkefni sem gæti hentað til að nota eftir að bekkurinn hefur séð myndirnar og klárað verkefnin sem tilheyra þemanu „Örugg í skólanum“.

Verkefnið er kennarastýrt.



Ábending:

Þetta verkefni getur hjálpað nemendum að tjá sig um það sem þeim finnst ábótavant í bekkjarumhverfinu. Fylgstu með því sem nemendur segja, talaðu við þau á meðan á verkefninu stendur og hlustaðu á hugleiðingar þeirra.

Verkefni: „Örugg í bekknum“

Efni: A4-blöð og blýantar

Markmið: Að tala saman um hvernig bekkurinn upplifir bekkjarumhverfið núna, hvernig þeir vildu helst hafa það og hvað þarf að gera til að ná því.

Tími: Um það bil 30–40 mínútur

Framkvæmd:

Kynntu verkefnið með því að segja að í dag ætlum við að tala um hvernig okkur líður, hvernig við viljum að okkur líði saman og hvað við þurfum að gera til að ná því.

1. Skiptu nemendum í hóp eða námspör.
2. Láttu hvern hóp eða námspar fá eitt blað.
3. Biddu nemendur að skrifa eftirfarandi og passa að hafa gott pláss á milli atriðanna þriggja. Það getur verið heppilegt að skrifa textann á töfluna, þannig að nemendur þurfi bara að skrifa stikkorð á blaðið:

Staða – Þannig líður okkur í bekknum

Ósk – Þannig viljum við að okkur líði í bekknum

Aðgerðir – Þetta þurfum við að gera til að ná því

4. Segðu nemendunum að þeir eigi að tala saman þessi þrjú atriði og skrifa niðurstöður sínar á blaðið.
5. Þegar hóparnir eru tilbúnir þá geta þeir kynnt niðurstöðurnar í bekknum.
6. Nemendur ræða niðurstöður hópanna og velja aðgerðir sem þeir vilja ráðast í saman. Kennari eða nemendur skrifa aðgerðirnar á veggspjald.
7. Gott er að hengja veggspjaldið upp í bekknum svo auðveldara sé að fylgja aðgerðunum eftir.